

GEIMÁLFURINN FRÁ VARSLYS

Lífsleikninámsefni um slys & slysavarnir - **4. hefti**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Ár, höf og vötn

Unnur María Sólmundardóttir



*Geimálfurinn frá
Varslys:*

- 1. Brotlending
geimálfsins*
- 2. Merkjalandið
Ísland*
- 3. Rafmagn og
opinn eldur*
- 4. Ár, höf og vötn*

*Útgefandi:
Slysavarnafélagið
Landsbjörg*

*Höfundur námsefnis:
Unnur María
Sólmundardóttir*

*Grafísk hönnun:
Lóa Dís Finnsdóttir*

*Ljósmyndir:
Hreinn Magnússon
Rauði kross Íslands
sigosig
Sigurður H. Stefni
Slysavarnafélagið
Landsbjörg*

*Reykjavík 1. útgáfa
2004*



Vatn í náttúrunni




Hæstvirta Stjórnuráð! Í fjórðu skýrslu minni um plánetuna Jörð er ýmislegt gagnlegt að finna. Að þessu sinni ætla ég að fræða ykkur svolítið um vatn sem er, eins og þið vitið, öllum verum og plöntum lífsnauðsynlegt.

Jörðin er eina plánetu sólkerfisins þar sem vatn finnst í fljótandi formi. Þar er vatnið jafnframt algengasti vökvinn í náttúrunni og er talið að heimshöfin og vötnin hafi myndast úr gufu sem upphaflega kom úr **iðrum** plánetunnar. Hafið geymir rúm 97% af öllu vatni en ferskvatn er aðeins um 2,5% af heildarmagninu.

Drykkjarvatnið er einungis um 0,3% af öllu vatnsmagninu. Því er mjög misskipt eftir löndum og víða er vatnsskortur á plánetunni. Íslendingar eru mjög heppnir því **úrkoman** við landið þeirra er mikil og íslenska vatnið er með því hreinasta og besta á Jörðinni.

Vatnið er í raun ein dýrmætasta auðlindin sem jarðarbúar eiga. Heitt vatn úr náttúrunni er notað til að hita upp byggingar og til raforkuframleiðslu. Á Íslandi má alls staðar finna kalt drykkjarvatn og mikilvægt er að íbúar þess gangi vel um **vatnsból**in til að draga úr hættu á **mengun**.

Vatn er mikilvægt fyrir lifandi verur. Líkami jarðarbúa er að stórum hluta vatn eða um 70%. Það tekur stóran þátt í starfsemi líkamans og sér um að flytja öll **næringarefni** og **úrgangsefni** um hann og frá honum.



★ *Hvernig getum við komið í veg fyrir mengun á vatnsbólum okkar?*

★ *Hvernig getum við farið betur með og sparað vatnið?*

★ *Hvað er súrt regn?*



★ *Hvað þýðir þetta merki?*



Verkefni 1

Vatnið er í eilífri hringrás. Það gufar upp úr sjó, ám og vötnum vegna varma frá sólinni, þéttist og myndar ský og fellur svo aftur til Jarðar sem regn. Á verkefnablaðið *Hringrás vatnsins* skaltu semja ævintýralegt ferðalag vatnsdropa sem hefst þegar hann fellur til Jarðar.



★ *Án hjálpar deyja allir sem fá hitaslag. Hvernig vitum við hvort einhver er að fá hitaslag eða ekki?*

★ *Hvernig getum við forðast að brenna illa í mikilli sól?*

★ *Ólíkar ástæður eru fyrir því að fólk missir meðvitund. Nefndu nokkrar þeirra.*


Mennirnir tapa miklu vatni í gegnum húðina með svita og í gegnum lungun með andardrætti. Einnig tapa þeir vatni með úrgangsefnum í gegnum meltingarveg og nýru. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þá að drekka mikið vatn. Jarðarbúar geta ekki lifað lengi án vatns, í mesta lagi 18-20 daga. Hins vegar geta þeir lifað mun lengur án matar.

Vatn svalar þorsta og kælir líkama jarðarbúanna meðan á áreynslu stendur og sér þannig um að stilla líkamshita þeirra ef þeim verður of heitt. Á ferð um

heit og sólrík svæði er mikilvægt að þeir passi vel að verða ekki fyrir vökva-
tapi.



Þegar andrúmsloft verður jafnheitt líkamshita getur hitastjórnun líkamans brenglast. Við þær aðstæður á einstaklingurinn á hættu að fá hitaslag sem er lífshættulegt. Þegar ferðast er í sólarlöndum er mikilvægt að drekka vel. Ef einhver fær hitaslag felst skyndihjálpin í því að flytja viðkomandi á kaldan stað og bæta honum upp vökva- og salttapið. Ef hann hefur misst meðvitund þá verður að leggja hann í læsta hliðarlegu og hafa strax samband við lækni.



Verkefni 2

Þetta merki þýðir að vatn á svæðinu hafi mengast og er því ekki lengur drykkjarhæft. Teiknaðu merkið í *Merkjabókina* þína og skráðu þær upplýsingar sem þú veist um það.



Verkefni 3

Nauðsynlegt er að leggja meðvitundarlausan mann í læsta hliðarlegu því annars getur tungan runnið aftur í kok og lokað öndunarvegnum. Læst hliðarlega kemur líka í veg fyrir að æla renni ofan í öndunarveg og valdi köfnun. Skoðaðu glæruna *Læst hliðarlega* og prófaðu að leggja skólasystkini þitt í þessa stellingu.

Efnaformúla vatns

Jörðin er magnaður staður og þar finnst vatn í **föstu** formi, **fljótandi** formi og einnig sem **gufa** eins og sést á þessum myndum.

Ég lærði að vatn hefur ákveðna efnaformúlu eða H_2O . Það þýðir að vatn er búið til úr tveimur vetnisatómum (H) og einu súrefnisatómi (O) en súrefni er líkt og vatnið öllum lífverum nauðsynlegt.

Þegar ég frétti að vatn inniheldur súrefni varð mér hugsað til skýrslunnar um rafmagn og opinn eld. Þar kemur fram að eldur þurfi súrefni til að lifa og loga.

Eins og flestir vita þá getur vatn slökkt eld en hvernig stendur á því að efni sem inniheldur súrefni getur slökkt eld sem einmitt þarf súrefni til að loga? Er bæði hægt að nota súrefni til að slökkva eld og til að kveikja hann?

Þar sem ég fann engin svör við vangaveltum mínum ákvað ég að leita til þekkts „?4Nwþ6zz6æMSs“ á Jörðinni sem nefnist Háskóli Íslands. Þar er rekinn svokallaður Vísindavefur og ég sendi fyrirspurn inn sem hljóðar svona: „Af hverju er hægt að slökkva eld með vatni úr því að súrefni er í vatni og eldur nærast á súrefni?“

Ég fékk mjög greinargott svar og ef þið hafið áhuga á að lesa það, kæra Stjórnuráð, þá vistaði ég það inn á *Hugarflugsdiskinn*.



- ★ Hvað þýðir „?4Nwþ6zz6æMSs“?
- ★ Hvaða svar fékk geimálfurinn á Vísindavefnum?
- ★ Hvað er atóm?

Ár, höf og vötn



★ Hvað heita stærstu vötnin á Íslandi?

★ Hvað heita stærstu árnar á Íslandi?

★ Jóna og tvíburarnir hennar, Svala og Vala þurftu að komast yfir á í litlum bát. Báturinn gat bara tekið 100 kíló en Jóna var 70 kíló og tvíburarnir voru 50 kíló hvor. Hvernig komust þær yfir ána á bátinum?



Á Íslandi eru margar ár og vötn. Í gamla daga reistu menn sér býli nálægt **vatnsbóli** svo styttra væri að sækja vatnið. Í dag renna þessir sömu lækir því oft í gegnum byggð.


Þótt margir jarðarbúar séu vanir því að hafa vatn í kringum sig og viti hvernig á að umgangast það hafa margir druknað í sjó, ám og vötnum, bæði börn og fullorðnir.

Slysin verða helst þegar mennirnir aka út í djúpar ár eða þegar árbakki hefur gefið sig undan þunga fólks. Sum dauðaslys hafa orðið

þegar börn falla niður um ísilagða á eða vötn, eða þegar mennirnir eru að leika sér á hinum ýmsu farartækjum s.s. árabát eða kajak.

Björgunarsveitarfólk hjá Slysa- varnafélaginu Landsbjörg æfir sig því alveg sérstaklega að bjarga fólki í þessum aðstæðum.

Í veru minni á Jörðinni kynntist ég ám og vötnum ekki mikið en safnaði þó gögnum um þessi náttúrufyrirbæri inn á *Hugarflugsdiskinn*. Þar getið þið fundið svör við ýmsum spurningum sem ég var að velta fyrir mér.



Verkefni 4

a) Hvað þarf að varast þegar ár og vötn eru annars vegar? Finndu svör við spurningum geimálfsins og vistaðu inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Hættur við ár og vötn*.

1. Hvers vegna getur reynst hættulegt að vaða yfir á?
2. Hvernig er öruggast að vaða yfir á?
3. Hvernig á ég að bjarga einhverjum sem dettur út í á?
4. Hvernig á ég að bjarga mér upp úr ísilagðri á eða vatni?

b) Á verkefnablaðinu *Vatn og velferð* áttu að skrifa forvarnarsögu sem tengist merkjum sem vísa á þjónustu við ár, höf og vötn.

Bryggjur

Ég saknaði Varslys mikið og var alltaf að hugsa um hvernig ég gæti komist aftur heim. Ég fór oft á bryggjurnar til að skoða „9?MS-sæwhwz“ og fá hugmyndir að nýju geimskipi.

Ég var ákafur og gætti ekki alltaf vel að mér. Gott dæmi er þegar ég ætlaði að skoða sérkennilegan „Nav2N6þþ6“ á einu skipinu. Ég þurfti að komast nálægt til að skoða hlutföllin og stökk því niður í nærliggjandi árabát.

Ég var búinn að róa að „Nav2N-6þþ6z2þ“ og var staðinn upp til að mæla hann þegar maður á bryggjunni hrópaði til mín og lét öllum illum látum.


Þegar ég reri aftur í land þreif hann í fötin mín og spurði hvort ég væri brjáláður að fara vestislaus og illa klæddur einn út á sjó í lekum bát. Lekum bát? Nú fór ég að skilja aðeins betur. Maðurinn var hræddur um að ég myndi sökkva bátnum hans og stinga svo af frá öllu saman. En hvaða vesti

var hann að tala um? Voru fötin mín ekki nógu nýtískuleg fyrir hans smekk?

Hann var reiður og benti mér á skilti á bryggjunni en ég vissi auðvitað ekkert hvað það þýddi. Ég teiknaði það þó í *Merkjabókina* til að leita mér upplýsinga seinna.

Svo dró maðurinn fram skærliðuð vesti og útskýrði fyrir mér þá hættu sem ég hafði komið mér í. Til að róa gaurinn ákvað ég að þóknast honum og þessari sérkennilegu fatatísku hans. Ég klæddi mig því í öll vestin en get ekki sagt að mér hafi liðið neitt sérlega vel í þeim.

Þegar maðurinn sá tilraunir mínar til að gleðja hann rann honum mesta reiðin. Hann varð meira að segja svo vinsamlegur að aðstoða mig við að mæla „Nav2N6þþ6zz“, eða kýraugað eins og hann kallaði það, við öruggari aðstæður um borð í skipinu. Kýrauga? Hafið þið heyrt annað eins?



★ *Hvað þýðir „9?MSsæwhwz“ og „Nav2N6þþ6“?*

★ *Hvað þarf að varast á bryggju-svæði?*

★ *Hvað þarf að athuga áður en farið er í bátsferð?*

★ *Hvernig áttu að bregðast við ef þú fellur í sjóinn?*

★ *Hvernig áttu að bregðast við ef þú verður vitni að því að einhver annar fellur í sjóinn?*

★ *Hvað er Bláfáni?*





★ *Björgunarvesti bjarga manns- lífum en hvað þarf að athuga þegar farið er í þau?*

★ *Hvaða búnaður er nauðsynlegur á öllum björgun- arvestum?*

★ *Geimálfurinn er spaugilegur á myndinni. Hvað er hann í mörg- um vestum?*



Verkefni 5

Geimálfurinn lagði af stað í sjóferð án fyrirhyggju og braut nokkrar mikilvægar öryggisreglur. Skrifðu litla sögu um það hvernig geimálfurinn hefði getað aukið öryggi sitt í árabátnum.

Verkefni 6

a) Skiltið sem maðurinn benti geimálfinum á þýðir að á þessu svæði sé nauðsynlegt að nota björgunarvesti. Teiknaðu skiltið í *Merkjabókina* þína og skráðu upplýsingarnar við það.

b) Geimálfurinn rakst svo sjálfur á þetta merki á bryggjunni, hvað þýðir það?



Verkefni 7

Geimálfurinn keypti gamlan skipsskrokk til að breyta í geim- skip. Hjálpaðu honum að hanna sjógeimskip og finndu aðgengilega staði til að geyma björgunarvesti, neyðarblýs, björgunarbáta og björgunarnet.

Verkefni 8

Til að hafa öll öryggisatriði á hreinu ákvað geimálfurinn að hanna líka sérstakt geim- björgunarvesti. Nú skalt þú hanna þitt eigið draumabjörgunarvesti og teikna búnaðinn sem þú myndir vilja hafa á því.

Verkefni 9

Notaðu verkefnablaðið *Öryggi í höfnum* til að kanna ástand hafna í byggðarlagi þínu. Ef ástandið er slæmt er gott að vekja athygli á því, til dæmis í fréttablöðum. Ef ástandið er gott er líka ástæða til að vekja athygli á því og hrósa bæjaryfirvöldum.




Hverir

Auk þess að vera hrifinn af hafinu fannst mér eldfjöllin og hverasvæðin mjög spennandi. Á Varslys er lítið af þeim. Ég gaf mér því góðan tíma til að kanna þessi leyndardómsfullu náttúrufrýrbæri.

Heita hverir er víða að finna á Íslandi og þekktastur þeirra er Geysir. Líkt og aðrir ferðamenn var ég mjög hrifinn og varaði mig

ekki alltaf á þeim hættum sem leynast á hveraslóðum. Gögn um fyrstu hverarannsókn mína er að finna í fylgiskjölum. Þar kemur til dæmis fram hve hættulegt getur reynst að fara of nálægt þessum frýssandi náttúruperlum.

Ekki meira um þá skýrslu nema hvað ég ræð ykkur frá því, kæra Stjórnuráð, að dýfa tanni í hver til að kanna dýpt hans og hitastig!



Verkefni 10

Hannaðu aðvörunarskilti fyrir ferðafólk til að setja upp á hveraslóðum. Tilgreindu hvaða hættur leynast á **jarðhitasvæðum**.

Verkefni 11

Hjálpðu geimálfnum að ljúka við skýrsluna um hverarannsóknina sem hefst svona: „Frumskoðun mín á svokölluðum hverum leiddi í ljós að um mikla og heita **jarðkrafta** er að ræða. Þegar ég fíkraði mig nær einum heyrðist mikið frýss og allt í einu ...“



- ★ Til eru nokkrar tegundir af hverum. Hvað þekkir þú margar þeirra?
- ★ Hvers vegna er hættulegt að koma nálægt hverum?
- ★ Hvað geta hverir orðið heitir á Íslandi?



- ★ Þetta merki varar við kviksyndi. Hvað þýðir það?
- ★ Hvernig er hægt að forðast að lenda í kviksyndi?
- ★ Hvernig á að bjarga sér upp úr kviksyndi?



★ *Hvaða nafn tók geimálfurinn sér?*

★ *Getum við tekið okkur nafn líkt og hann gerði?*

★ *Af hverju gefum við dýrum, mönnum og náttúrufyrirbærum nafn?*

★ *Geimálfurinn labbaði upp á barm gamals eldgígs. Hvað þarf að varast ef eldfjall gýs í nágrenninu?*



Í hveraskoðunarferðinni ákvað ég að taka mér loksins nafn. Jarðarbúar áttu í erfiðleikum með að skilja að ég hétu ekki neitt. Þeim fannst líka skrýtið að ég hefði ekki rétt til að taka mér nafn fyrr en ég hefði náð ákveðnum aldri og **lífsreynslu** samkvæmt varslýiskum lögum.

Skoðunarferðina bar upp á 450 ára afmælisdaginn minn eða daginn sem nafntökurétturinn tekur gildi. Ég áttaði mig reyndar ekki á því fyrr en á leiðinni heim að nú hefði ég loksins öðlast þann rétt. Þá var ég staddur við rætur sérkennilegs fjalls sem eiginlega var hálfgerður hól.

Það sem var sérstakt við þennan fallega hól var stórt op efst á

honum. Umhverfið var þakið brakandi snjó og mér fannst ég staddur í ævintýralandi. Ég var alveg heillaður af hólnum og ekki minnkandi aðdáun mín þegar mér var sagt að þetta væri gamall **eldgígur**.

Þegar ég hafði rölt upp á fjallsbrúnina var eins og ég og þessi forni gígur yrðum eitt. Þá vissi ég að þarna væri ég búinn að finna rétta nafnið fyrir mig, „**bj2N**“.

Ég fann fyrir mjög undarlegum áhrifum þarna enda kom það í ljós að eldgígurinn átti eftir að verða til þess að ég komst aftur heim til Varslyss. En allt um það seinna.

Vatn á heimilum

Í gamla daga þurftu Íslendingar að bera allt vatn í hús. Seinna komu svo

Þó vatn sé ekki óþekkt fyrirbæri í okkar augum þá hafði ég aldrei komist í kynni við svona mikið vatn í einu. Á Varslys felst mikil vinna í að þétta gufu úr gufuhvolfi plánetunnar og bræða ís sem finnst undir yfirborði hennar til að eiga nóg drykkjarvatn. Við eyðum því ekki vatninu að óþörfu.

Bað og sturta er eitthvað sem ég hafði aldrei séð áður, en ég var fljótur að tileinka mér þægindin. Í dag er ég orðinn mjög háður því að geta lagst í bað og slappað af og finnst alveg ómögulegt að ná því ekki að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári.

Bað og sturta geta þó reynst hættulegar slysaágangur. Eitt sinn lá við stórslysi þegar ég gætti ekki að hvernig vatnsblöndunartækin á baðinu voru stillt. Ég hoppaði ofan í baðkarið, rann til og datt á bólakaf. Ég meiddi mig lítið í fallinu en brenndist á heitu vatninu. Sem betur fer var það bara **1. stigs hitabruni**

sem greri fljótt en ekki hafa allir sloppið jafn vel eins og sést á þessari mynd.

vatnsveitur sem gerðu lífið auðveldara. Í dag nýta jarðarbúar vatn til margra hluta. Á Íslandi kynda menn húsinn með **jarðhitavatni**, baða sig í því, sjóða mat og fara í sund. Vegna þess hve mikið mennirnir nýta vatnið verða þeir að læra að vara sig á þeim hættum sem fylgja notkun þess.




- ★ *Hver er munurinn á hitabruna, efnabruna og rafbruna?*
- ★ *Bruni flokkast í 1. stigs, 2. stigs og 3. stigs bruna. Hver þeirra er hættulegastur og af hverju?*
- ★ *Hver er skyndihjálpin við bruna?*
- ★ *Hvernig hefði geimálfurinn getað komið í veg fyrir að brenna sig á vatninu?*
- ★ *Hvernig hefði geimálfurinn getað komið í veg fyrir að renna í baðkarinu?*
- ★ *Hvernig er hægt að fyrirbyggja að lítil börn brenni sig í heimahúsum?*



★ Stundum stíflast niðurfall í baði eða klósetti. Í stað þess að nota eitruð efni til að losa stífluna setur geimálfurinn hálfan bolla af salti í niðurfallið og heitt vatn á eftir. Næst þegar þú sérð einhvern glíma við stíflað niðurfall skaltu benda honum á þetta umhverfisvæna ráð.



★ Hefur þú snjalla slysavarnahugmynd sem tengist notkun vatns?



INKG



Árlega lenda að meðaltali 11 börn í alvarlegu brunaslysi. Heitt baðvatn og heitir vökvar eins og kaffi, te og kakó eru algengar orsakir bruna hjá litlum börnum. Alvarleg brunaslys hafa einnig orðið þegar börn draga yfir sig pott með heitum vökva af eldavélarhelli. Það er því gott ráð að snúa pottsköftum alltaf þannig að börnin nái ekki í þau. Börn eru einnig mikið fljótari að brenna sig en fullorðna fólkið og þola mun lægra hitastig.


Alvarlegur bruni er ekki lengi að gerast!

Hiti	Börn	Fullorðnir
80°C	Samstundis	Samstundis
70°C	Eftir 0,5 sek	Eftir 1 sek
65°C	Eftir 1 sek	Eftir 2 sek
60°C	Eftir 2,5 sek	Eftir 5 sek
55°C	Eftir 15 sek	Eftir 30 sek
50°C	Eftir 2,5 mín.	Eftir 5 mín.





Hér er snjöll hugmynd Hákonar Örvars Hannessonar úr Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Þegar ákveðið magn af vatni er komið í baðið togar plastflaskan

tappann úr því. Lumið þið á góðri hugmynd sem tengist slysvörnum og baðnotkun, kæra Stjórnuráð?





★ Hvaða merki eru þetta?



Verkefni 12

Hvað hefði geimálfurinn getað gert til að koma í veg fyrir að brenna sig á vatninu? Hvaða fleiri slys geta gerst þegar maður er í baði? Taktu saman nokkrar reglur handa geimálfinum og bættu þeim inn á verkefnablaðið *Baðreglur fyrir byrjendur*.

Verkefni 13



Á fræðslumyndbandi 112 er sagt frá slysi þar sem barn fellur í heitan pott og brennist illa. Skoðuðu þáttinn með bekknum þínum. Hvernig hefði mátt koma í veg fyrir þetta slys? Hefur einhver ykkar lent í svona slysi? Hefur einhver ykkar brennt sig illa? Ef svo er hvernig brugðust viðstaddir við?

Verkefni 14

a) Ekki hefði farið illa fyrir barninu í myndinni ef lok hefði verið á heita pottinum og til er gamall málsháttur sem segir: *Betra er að byrgja brunninn áður en barnið fellur ofan í hann*. Nú hefst málsháttakeppni þar sem bekknum er skipt í tvö lið. Það lið vinnur sem finnur flesta málshætti sem tengjast slysum og slysavörnum.

b) Búið til stórt veggspjald með öllum málsháttunum sem þið funduð og gefið skólastjóranum. Sá verður ánægður.

Sundlaugar



★ Hvað þýðir „9?2jsúzS2N“ og „9?2jJM?“?

★ Hvaða reglur gilda fyrir sundgesti?

★ Hvað þarf að varast þegar farið er á baðströnd?

Eins og áður segir uppgötvaði ég alveg nýja veröld þegar ég kynntist baðkari jarðarþúanna en þegar ég fór í sundlaug í fyrsta sinn varð ég alveg gáttaður. Þvílíka og aðra eins stærð af baðkari hafði ég aldrei séð.

Reyndar lenti ég í smá erfiðleikum við innganginn því þótt ég sé tröllvaxinn af geimálfi að vera þá er ég nokkuð minni en mannfólkið. Sundlaugarvörðurinn var tregur til að hleypa mér einum í laugina og sagði að börnum undir 8 ára væri óheimill aðgangur að sundstað nema í fylgd með syndum einstaklingi 14 ára eða eldri. Ég varð móðgaður enda nýorðinn 450 ára og alveg „9?2jsúzS2N“ eins og við orðum það á Varslys.

Ég sagði sundlaugarverðinum að ég væri vanur þessum aðstæðum því við hefðum sérstakar tegundir af sundstöðum sem nefndust „9?2jJM?“. Þar nýtum við aðdráttarafi tunglanna sjö sem fylgja plánetunni til að draga úr þyngdaraflinu og getum þannig svifið í lausu lofti líkt og mennirnir gera í kafi.

Það tók smá tíma að sannfæra manninn um að ég kynni að synda en á endanum

sleppti hann mér inn. Ég hefði þó átt að kynna mér betur umgengnis- og öryggisreglur hjá verðinum. Ég vissi ekki hvað mörg merki sem ég sá þýddu og svokallaðar vatnsrennibrautir hafði ég aldrei séð.

Áður en leið á löngu var ég búinn að brjóta ansi margar reglur eins og sést á myndum hér til hliðar og fleiri sem vörðurinn tók. Hann var þó mjög vinalegur og í stað þess að reka mig upp úr fór hann yfir reglurnar með mér. Þær getið þið séð í fylgigögnunum.



★ Hvað þýðir þetta merki?


★ Af hverju er svona merki sett upp?





★ *Geimálfurinn móðgaðist þegar sundlaugarvörðurinn vildi ekki hleypa honum einum ofan í sundlauginna vegna hæðar hans en vörðurinn var bara að sinna skyldu sinni. Reglugerðir miðast oft við aldur, hæð eða þyngd einstaklingsins. Nefndu fleiri dæmi.*

★ *Af hverju erum við með lög og reglugerðir?*



Verkefni 15

Eins og sést á verkefnablaðinu *Geimálfurinn í sundi* þá gerir hann hreinlega allt rangt í vatnsrennibrautinni. En hvað er það sem hann gerir rangt? Skoðuðu glæruna *Reglur um vatnsrennibrautir* og skráðu við myndirnar hvað er rangt. Hvað væri öruggara að gera?

Verkefni 16

Þú hefur þrjár mínútur til að skrá niður allt skemmtilegt sem hægt er að gera í sundlaug. Að því loknu skaltu athuga hver af þessum uppátækjum geta verið hættuleg. Notaðu hugmyndir þínar til að búa til umgengnis- og öryggisreglur fyrir geimálfinn næst þegar hann fer í sund. Vistaðu reglurnar á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Sund og sæla*.

Pollar og tjarnir



★ Það er hættulegt að leika sér nálægt byggingasvæði og margar slysgildirur leynast þar. Nefndu dæmi.

★ Hvaða öryggisbúnað þurfa menn og konur að nota sem vinna á byggingasvæðum?



Á þeim tíma sem ég dvaldi á Íslandi voru jarðarbúarnir að reisa margar nýjar byggingar. Þessi byggingasvæði eru á margan hátt hættuleg og ég komst sjálfur að raun um það.

Það atvikaðist þannig að ég var að leita mér að efni í nýtt geimskip þegar ég gekk fram á húsgrunn fullan af rigningarvatni. Hann var mjög stór og ég var byrjaður að ganga í kringum hann þegar ég sá nokkrar blautar spýtur liggja rétt hjá.

Ég ákvað því að byggja mér brú með því að leggja spýturnar yfir grunninn. Ekki vildi betur til en svo að þegar ég var hálfnaður yfir brúna rann ég til á blautum spýtunum og steypmist á bólakaf í vatnið.

Mér til skelfingar var grunnurinn mikið dýpri en hann leit út fyrir að vera og ég náði ekki til botns. Ég átti auk þess í erfiðleikum með að synda í land því að fötin mín urðu auðvitað rennandi blaut og mjög þung.

Sem betur fer náði ég að halda mér í spýtu sem stóð upp úr grunninum en ég þorði ekki að losa takið og reyna að synda í land. Ég þurfti því að bíða lengi eftir aðstoð og var orðið mjög kalt þegar nokkrir krakkar tóku eftir mér og náðu í hjálp. Í þeirri björgun heyrði ég fyrst um:

*Tengja - Fleygja
Róa - Syndu*

Hafið þið einhverja hugmynd um hvað þau orð standa fyrir, kæra Stjórnuráð?



Þegar einstaklingi er bjargað úr vatni er aðgerðaröðin **Teygja – Fleygja – Róa – Synda** notuð. Fyrst skal reyna að teygja sig eftir viðkomandi eða rétta honum eitthvað til að grípa í, til dæmis skóflu. Ef það gengur ekki er næsta skref að fleygja einhverju til hans sem getur haldið honum á floti, til dæmis spýtu, bensínbrúsa eða björgunarvesti. Ef reipi er við höndina er nauðsynlegt að binda það við hlutinn sem fleygt er til að geta dregið viðkomandi í land. Ef björgunarmaður er um borð í bát eða fleka, skal róa til einstaklingsins. Aldrei má taka mann um borð í bát frá hlið. Þá hvolfir bátnum. Best er að toga manneskju inn yfir skut bátsins. Síðasta ráðið er að synda til einstaklingsins en það er mjög varhugavert og bara fyrir þrautþjálfaða sundmenn eða fólk sem hefur þjálfað sig í björgun úr vatni.



- ★ Af hverju geta litlir pollar verið börnum hættulegir?
- ★ Hvernig er hægt að fyrirbyggja drukknunarslys hjá börnum?
- ★ Hvar getur vatn safnast fyrir?
- ★ Hvernig er hægt að fyrirbyggja að vatn safnist fyrir?



Verkefni 17

a) Merkið sem geimálfurinn sá þýðir að viðkomandi svæði er hált í bleytu. Teiknaðu það í *Merkjabókina* þína og finndu nokkur dæmi um staði þar sem gott er að hafa svona merki.

b) Til er annað viðvörðunarkerki sem heitir *Sleipur vegur*. Teiknaðu það einnig í *Merkjabókina*. Hvar ætli það sé helst að finna?

Verkefni 18

Eftir að hafa kynnt sér vatn og ýmsar hættur sem tengjast því ákvað geimálfurinn að búa til flæðirit um helstu hættur eftir því hvar vatnið er að finna. Hjálpaðu honum að fylla inn í það á verkefna-bláðinu *Vatn og umhverfi*.





★ Ef þú hefur ábendingar um slysagildirur í umhverfi þínu eða hefur góða slysavarnasögu til að segja geimálfinum þá ættir þú endilega að senda honum póst á netfangið hans.



Mér var mjög brugðið eftir volkið í grunninum og eftir það atvik ákvað ég að gerast baráttuálfur fyrir bættu öryggi barna og unglunga í hverfinu þar sem ég bjó. Ég hafði þó litla hugmynd um hvaða hættur gætu steðjað að þessum aldurshópum og fékk mannakrílin til liðs við mig.


Ég fékk mér líka netfangið geimalfurinn@landsbjorg.is til að börn sem sæju slysagildirur í umhverfi sínu gætu sent mér ábendingar í tölvupósti sem ég gæti komið áfram til réttra aðila. Ég er enn að fá ábendingar og góðar slysavarnasögur frá mannakríl-

unum og auðvitað mjög ánægður með það.

En þetta voru sem sagt kynni mín af vatninu. Skýrslan er á enda þó enn sé hrakfallasögu minni af verunni á plánetunni Jörð ekki lokið.

Í næstu samantekt mun ég segja ykkur frá ýmsum forvitniuppá - tækjum sem tengdust ýmsum eignum í þessu framandi umhverfi. Áður en þeirri fróðleiksgöngu lauk hafði ég náð að borða eittraða sveppi og lent inni á sjúkrahúsi vegna annarra óhappa. Meira um það í næstu skýrslu.

Virðingarfyllst
„bj2N j5wþo?92N“



Verkefni 19

Þú ert slysavarnafulltrúi í þínu hverfi og það eru þrjú mál sem þú ætlar að berjast fyrir að verði bætt úr. Hvaða mál eru það og hvers vegna ætlar þú að berjast fyrir þeim?

Verkefni 20

Skráðu niður öll feitlettruðu orðin í lesefninu og finndu hvað þau þýða. Þú getur bæði stuðst við alfræðiorðabók eða notað leitarvél á veraldarvefnum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar stuðninginn



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



BRUNABÓT



BJÖRGUNARFÉLAG
ÁRBORGAR
Austurvegi 54 800 Selfoss 482 1010



ÍSLANDBANKI



UMFERÐARSTOFA



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901
skrifstofa@landsbjorg.is • www.landsbjorg.is